



EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS

Ársfundur EAEA í Varsjá, 9.–10. júní 2026

Ársfundur og árleg ráðstefna **European Association for the Education of Adults** (EAEA) fór fram í Varsjá í Póllandi dagana **9.–10. júní 2026**.

Yfirskrift fundarins var „**Resilience and Community-Building**“, sem má þýða sem **seigla og samfélags-uppbygging**. EAEA skilgreinir sig sem rödd óformlegrar fullorðinsfræðslu í Evrópu og á árinu 2026 er áhersla samtakanna á hvernig fullorðinsfræðsla getur stutt við seiglu, lýðræði og virk samfélög. (eaea.org)

Dagskráin skiptist í þrjá megin þætti; **aðalfund EAEA, afhendingu Grundtvig-verðlaunanna og árlegri ráðstefnu samtakanna**. Fundurinn var haldinn í samstarfi við pólsku samtökin **sTOP – Stowarzyszenie Trenerów Organizacji Pozarządowych** sem má þýða sem „Félag leiðbeineinda í félagasamtökum“. Meginvettvangur fundar og ráðstefnu var **Brain Embassy Warsaw**, en verðlaunaafhending fór fram í **Museum of Warsaw**. (conference.eaea.org)

Markmið og meginþema fundarins

Meginþema ársfundarins var að ræða hvernig fullorðinsfræðsla getur stuðlað að sterkari einstaklingum, virkara borgarasamfélagi og samfélögum sem eru betur í stakk búin til að takast á við óvissu, kreppur og breytingar. Áherslan var ekki eingöngu á hæfnipróun fyrir vinnumarkað, heldur einnig á lýðræðisþátttöku, félagslega samheldni, inngildingu, vellíðan og traust í samfélögum.

Í dagskránni kom skýrt fram að fullorðinsfræðsla er talin geta dregið úr ójöfnuði, eflt sjálfstraust fullorðinna námsmanna og aukið þátttöku þeirra í samfélaginu. Þess vegna var fullorðinsfræðsla sett í samhengi við stærri samfélagslegar áskoranir, svo sem veikingu lýðræðis, félagslega skautun, loftslagsbreytingar, stafræna umbreytingu, fólksflutninga og áhrif stríðs og óstöðugleika.

Dagskrá 9. júní: Aðalfundur og Grundtvig-verðlaun

Fyrri dagurinn, **9. júní**, var helgaður aðalfundi EAEA og stefnumótunarvinnu innan samtakanna. Dagurinn hófst með skráningu og móttöku, en síðan opnuðu fundinn **Anna Skocz**, stjórnarmaður í EAEA og fulltrúi sTOP, og **Lauri Tuomi**, forseti EAEA, ávörp. Að því loknu

fór fram hefðbundin aðalfundarvinna, þar sem fjallað var um dagskrá aðalfundar, fundargerð fyrra árs, ársskýrslu, fjárhagsskýrslu og starfsáætlun.

Eftir hádegi var unnið að stefnumótun í smærri hópum undir yfirskriftinni „**Building a resilient EAEA together**“. Þar var ný stefna EAEA kynnt og félagsaðilar ræddu lykilþætti í starfi samtakanna. Umræðuborðin sneru meðal annars að stefnumótandi hagsmunagæslu, eflingu getu aðildarfélaga, samstarfi og innri stjórnarháttum.

Um kvöldið fór fram afhending **EAEA Grundtvig-verðlaunanna 2026** í Museum of Warsaw. Verðlaunin voru veitt í 23. sinn og voru að þessu sinni helguð verkefnum sem sýna fram á nýsköpun og árangur í fullorðinsfræðslu með áherslu á seiglu og samfélagsuppbyggingu.

Verðlaunahafar 2026

Í flokki staðbundinna, svæðisbundinna eða landsbundinna verkefna hlaut verkefnið **Izmir Citizens' Assembly for Climate** verðlaunin.

Verkefnið er leitt af **Yuva Association** í Tyrklandi og byggist á borgaraþingi þar sem slembivaldir íbúar fá fræðslu um loftslagsmál, ræða lausnir og móta tillögur til stjórnvalda á sveitarstjórnarstigi. Verkefnið tengir saman fullorðinsfræðslu og þátttökulýðræði.

Í flokki fjölbjóðlegra verkefna hlaut **VOLUGRAM – Developing volunteering as a part of individual learning path** verðlaunin. Verkefnið er leitt af **Tartu Vocational College** í Eistlandi og snýr að því að viðurkenna sjálfboðastarf sem mikilvægan þátt í námsferli fullorðinna. Verkefnið tengdi saman evrópskar menningarhöfuðborgir ársins 2024, meðal annars Tartu, Bad Ischl-Salzkammergut og Bodø.

Dagskráin 10. júní: ráðstefna EAEA

Seinni dagurinn, **10. júní**, var helgaður ráðstefnu EAEA. Dagskráin hófst með ávarpi **Greta Pelucco**, Senior EU Public Affairs Coordinator hjá EAEA. Þá flutti **prófessor Alicja Gałązka** frá University of Silesia erindi undir yfirskriftinni „**Growing Resilience Together: Adult Education for Inner Strength and Community Connection**“. Hún fjallaði um seiglu bæði sem einstaklingsbundið og samfélagslegt fyrirbæri og hvernig fullorðinsfræðsla getur tengt saman persónulegan þroska, félagslega ábyrgð og samfélagslega umbreytingu. Í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður undir yfirskriftinni „**Resilient Communities in Times of Crisis**“. Þar komu saman sérfræðingar á sviði mannréttinda og fullorðinsfræðslu. Umræðan snerist um hvernig byggja megi upp seiglu í samfélögum þegar er kreppu ástand, m.a. voru tekin dæmi frá stríðssvæðum og af viðkvæmum samfélagshópum. Þátttakendur í

pallborðinu voru m.a. **Benedetta Perego, Musa Kirkar, Oleg Smirnov og Irena Lipowicz.**

Síðdegis fóru fram alls sjö vinnustofur samhliða. Allar fjölluðu þær um hagnýtar leiðir til að efla seiglu og samfélagsuppbyggingu með fullorðinsfræðslu. Áhersla var lögð á samtal, sameiginlega lausnaleit og miðlun á reynslu meðal þátttakenda.

Yfirlit yfir vinnustofur

1. Leiðbeinendur/kennarar í fullorðinsfræðslu og lýðræði

Vinnustofan „**Strengthening Adult Educators in Challenging Times for Democracy**“ fjallaði um hlutverk kennara í fullorðinsfræðslu þegar lýðræði stendur höllum fæti. Þar var rætt um hvernig kennarar og leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu geta stutt virka borgaravitund, gagnrýna hugsun og lýðræðislega þátttöku.

2. Viðbúnaður samfélaga gagnvart hnattrænum áskorunum

Í vinnustofunni „**From Resilience to Readiness**“ var lögð áhersla á hvernig fullorðinsfræðsla getur búið samfélög undir flóknar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar, stafræna umbreytingu, félagslega skautun og veikingu lýðræðis.

3. Vellíðan og skipulagsmenning

Vinnustofan „**Sailing Through Values**“, á vegum sTOP, fjallaði um gildi, vellíðan og samvinnu innan skipulagsheilda. Þar var notast við námsleikinn **The Expedition Training Game** til að kanna hvernig traust, jafnvægi, samstarf og merking birtast í daglegri ákvarðanatöku.

4. Menntun í lokuðum stofnunum

Vinnustofan „**The Transformative Power of Education in Closed Environments**“ fjallaði um rétt til menntunar í fangelsum, varðhaldsstofnunum, endurhæfingarúrræðum og öðrum lokuðum aðstæðum. Sérstök áhersla var á stafræna menntun, endurkomu einstaklinga inn í samfélagið og hvernig menntun getur dregið úr félagslegri útilokun. Ítrekað var af þátttakendum að menntun er mannréttindi sbr. **26. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna**, þar sem segir að allir eigi rétt til menntunar og í **2 gr. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu** segir að engum skuli synjað um rétt til menntunar. Rétturinn til menntunar merkir þó ekki aðeins að fólk eigi að hafa aðgang að skólum. Hann felur einnig í sér að menntun á að vera **aðgengileg, án mismununar, viðeigandi og gæðamikil**.

5. Gæði í fullorðinsfræðslu

Á vinnustofunni „**Easy Quality**“ var kynnt hagnýt nálgun á gæðum í óformlegri fullorðinsfræðslu. Þar var fjallað um hvernig gæðastarf getur orðið hluti af daglegri starfsemi fremur en þungt skrifræðislegt ferli. Sérstök áhersla var lögð á þátttöku, siðferði, inngilding og sjálfbærni í skipulagsheildum.

6. Fjöltyngi og inngilding

Vinnustofan „**More Than Words**“, sem haldin var á vegum EPALE Póllands, fjallaði um hvernig skapa megi inngildandi námsrými þvert á tungumál. Þar var meðal annars rætt um fjöltyngisnálgun sem leið til að styrkja þátttöku, vellíðan og tilfinningu fyrir því að tilheyra samfélagi.

7. Seigla sem hagnýt reynsla

Vinnustofan „**Be Ready: City on the Edge**“, sem var á vegum World of Communities og DVV International, byggðist á úkraínsku borðspili sem líkir eftir ákvarðanatöku í samfélagi undir álagi. Þátttakendur tóku að sér hlutverk staðbundinna ákvörðunaraðila og þurftu að vega saman öryggi, menntun, heilsu, efnahag, félagslega samheldni og takmarkaðar auðlindir.

Helstu niðurstöður og lærdómur

Á ársfundinum var sýnt fram á að fullorðinsfræðsla er í auknum mæli skilgreind sem hluti af samfélagslegum innviðum, en ekki aðeins sem tæki til starfsþjálfunar. Hún styður fólk við að öðlast færni og jafnframt við að byggja upp sjálfstraust, borgaravitund, traust og getu til þátttöku. Þetta var rauði þráðurinn bæði í öllum dagsskárliðum.

Sérstaklega má draga fram fimm meginniðurstöður:

1. **Seigla er samfélagslegt verkefni.** Hún snýst ekki eingöngu um getu einstaklinga til að takast á við áföll, heldur enn fremur um samstöðu, tengslanet, traust og sameiginlega ábyrgð.
2. **Fullorðinsfræðsla er mikilvæg fyrir lýðræðið.** Hún getur eflt gagnrýna hugsun, borgaralega þátttöku og getu fólks til að taka þátt í opinberri umræðu.
3. **Inngilding þarf að vera hagnýt.** Umræður um inngildingu verða að ná til tungumála, stafræns aðgengis, fólks í jaðarsettum aðstæðum og þeirra sem hafa takmarkaðan aðgang að námi.
4. **Gæði og vellíðan styrkja stofnanir.** Ef fullorðinsfræðslustofnanir eiga að búa yfir seiglu, þurfa þær að huga að starfsfólki, skipulagsmenningu, siðferði og skýrum gildum.

5. **Reynslumiðað nám hefur mikið gildi.** Vinnustofur sem byggjast á á leikjum, hermun og samtali sýna hvernig þátttakendur geta lært um flókin samfélagsleg viðfangsefni með virkri þátttöku.

Hugmyndir og möguleikar í íslensku samhengi

Ef horft er til íslenskrar fullorðinsfræðslu má greina nokkur mikilvæg tengsl við umfjöllunarefni fundarins. Í fyrsta lagi er ljóst að fullorðinsfræðsla á Íslandi getur gegnt lykilhlutverki í að styðja fólk í samfélagsbreytingum, til dæmis vegna tæknibreytinga, fólksflutninga, loftslagsmála og breyttra krafna á vinnumarkaði.

Í öðru lagi þá er ljóst að styrkja þarf tengslin á milli fullorðinsfræðslu, lýðræðisfræðslu og samfélagsþátttöku. Það getur átt við um námsleiðir fyrir innflytjendur, fólk með stutta formlega skólagöngu, eldra fólk, fólk á vinnumarkaði og einstaklinga sem standa utan hefðbundinna menntakerfa og aðra þá sem falla undir hefðbundinn markhóp. Gagnlegt væri að þróa námsleiðir sem tengja lýðræði, samfélagsþátttöku og fullorðinsfræðslu. Slíkar leiðir gætu styrkt bæði einstaklinga og nærsamfélög.

Í þriðja lagi sýna verðlaunaverkefni að þáttökulýðræði og sjálfböðastarf getur verið mikilvægt sem námsvettvangur. Áhugavert gæti verið fyrir íslenska aðila að skoða hvernig viðurkenna megi nám sem á sér stað í félagsstarfi, sjálfböðavinnu, nærsamfélögum og borgaralegri þátttöku.

Að auki væri verðugt rannsóknarefni að greina hvernig **íslensk fullorðinsfræðsla styður við seiglu og samfélagsuppbyggingu**. Kortleggja mætti verkefni sem tengjast lýðræði, inngildingun, vellíðan, fjöltyngi og félagslegri þátttöku. Þá væri möguleiki á að skoða samstarf við evrópska aðila. Sérstaklega gæti verið gagnlegt að fara í samstarfsverkefni sem tengjast borgaravitund, stafrænu aðgengi og inngildingun.

Lokaorð

Á ársfundi EAEA í Varsjá 9.–10. Júní 2026 var lögð áhersla á að fullorðinsfræðsla sé mikilvægur þáttur í að byggja upp seiglu, virkni og inngildingun í samfélögum. Mikilvægt er að átt sig á að fullorðinsfræðsla tengist ekki aðeins hæfni og atvinnuþátttöku, heldur einnig lýðræði, mannréttindum, félagslegri samheldni og getu samfélaga til að takast á við óvissu. Fullorðinsfræðsla þarf að vera hluti af breiðari samfélagsstefnu. Hún getur skapað vettvang þar sem fólk lærir að skilja

breytingar, taka þátt í lausnaleyti, byggja upp traust og vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Fyrir íslenskt samhengi felast tækifærin í að tengja fullorðinsfræðslu enn skýrar við samfélagsþátttöku, inngildinguna og seiglu nærsamfélaga.

Guðrún Vala Elísdóttir fór á ársfundinn fyrir hönd Leiknar og gerði þessa samantekt.